

46. fundur Íslensku Vatnafræðinefndarinnar – fundargerð

Fundartími: Kl. 11:45–13 þriðjudaginn 4. febrúar 2010

Fundarstaður: Veðurstofa Íslands, Bústaðavegi 9

Mættir voru: Árni Snorrason (Veðurstofa Íslands), Kristinn Einarsson (Orkustofnun), Hrund Andradóttir (Háskóli Íslands), Gunnar Steinn Jónsson (Umhverfisstofnun), Magnús Jóhannsson (Veiðimálastofnun), og Jórunn Harðardóttir (Veðurstofa Íslands), og Eygerður Margrétardóttir (Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar).

Boðuð forföll: Óli Grétar Sveinsson Blöndal (Landsvirkjun) er í fæðingarorlofi

Mætti ekki: Þóra Ellen Þórhallsdóttir (Háskóli Íslands)

Dagskrá fundarins sem send var út með fundarboði:

- 1) Dagur vatnsins 22. mars 2010.
 - a. Á síðasta fundi kom fram hugmynd um að halda opna ráðstefnu þar sem tvö fyrirhuguð frumvörp til laga um vatn verði kynnt af nefndunum sem unnu þau. Skoða þarf þessa hugmynd betur og útfæra hana ef af verður.
- 2) Stefnumótunarvinna.
 - a. Nefndarmenn eru beðnir um að skoða stefnumótunarskjalið sem dreift var á 45. fundi (og fylgir hér með á rafrænu formi) til að halda umræðu um þessi mál áfram á komandi fundi.
- 3) Önnur mál

-
- 1) **Fundargerð 45. fundar samþykkt.** Engar athugasemdir komu fram um efni síðustu fundargerðar.
 - 2) **Dagur vatnsins 22. mars og hugmyndir um opna ráðstefnu þar sem fjalla mætti um frumvörp til laga um vatn.** Kristinn reifaði vinnu vatnalaganefndar um frumvarp iðnaðarráðuneytisins. Frumvarpi hefur verið skilað af sér en ekki er vitað hvað verður gert með það í framhaldinu.

Umræða spannst um þetta frumvarp, frumvarp umhverfisráðuneytisins um stjórn vatnamála, aðrar tilskipanir sem heyra undir vatn, t.d. grunnvatnstilskipun og flóðatilskipun og hvernig tengsl þeirra er við lög og reglugerðir á Íslandi.

Gunnar Steinn hafði haft samband við Kristínu Lindu forstjóra Umhverfisstofnunar um síðarnefnda frumvarpið en hún vísaði erindinu til ráðuneytis. Hún taldi ólíklegt að frumvarpið væri tilbúið til kynningar á degi vatnsins.

Í ljósi óvissu um stöðu frumvarpanna var talið heppilegra að beina umræðu á slíkri ráðstefnu að gæðum vatns, vöktun þess, umgjörð og vatnatilskipun. Ef frumvarp til laga/lögin væru hins vegar tilbúin mætti þó kynna þau en leggja áhersluna frekar á Vatnatilskipunarlög en Vatnalögin.

Ákveðið að Hrund og Eygerður taki að sér forundirbúning ráðstefnunnar og mun Hrund boða til fundar um ráðstefnuefni í næstu viku með Eygerði, Jórinni og Kristni.

Kristinn tók að sér að skoða hvort salur á Orkustofnun sé laus 22. mars.

Gunnar Steinn tók að sér að tala við Kristínu Lindu um aðkomu Umhverfisstofnunar að ráðstefnunni.

Hugmyndir að erindum:

- a) Stöðuerindi um frumvarp til stjórnunar vatnamála; b)= Erindi um Vatnatilskipun; c) Fá ráðherra til að flytja stutt inngangsorð, Árni getur sent erindi með slíkri ósk þegar drög að dagskrá eru tilbúin; d) Neysluvatnsvöktun, ræða við Maríu Guðmundsdóttur.

Umræðu um stefnumótunarvinnu og önnur mál var frestað.

Fundi slitið kl. 13:15.